

065/00 - Bv. Venus HF-519

Venus HF-519, skipverji slasast þegar hann fellur í fiskmóttöku

Bv. Venus HF-519

Skipaskr.nr.: 1308

Smíðaður: á Spáni 1973 úr stáli

Stærð: 1.156,11 brl; 1.779,00 bt

Lengd: 77,53 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

Vél: MAK 2.355,00 kW **Árgerð:** 1979

Annað:

Földi skipverja: 27



Venus ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 2. febrúar 2000 var bv. Venus HF-519 að veiðum á Reykjanes hrygg, Melsak. Veður: vestsuðvestan 5-7 vindstig.

Skipverjar höfðu tekið trollið og losað aflann úr pokanum í fiskmóttökuna. Fiskmóttökunni er skipt í tvennt með langskipsskilrúmi í miðju. Aflinn fór að mestu leyti í bakborðshluta móttökunnar og varð þar kúfur upp fyrir þilfarið. Voru tveir skipverjar að róta kúfum niður í stjórnborðshluta móttökunnar, svo hægt væri að loka lúkunni, þegar öðrum þeirra skrikaði fótur og féll hann niður í stjórnborðshluta móttökunnar sem var sem næstum því tóm.

Skipverjinn hafði staðið með annan fótinn í fiskkösinni en hinn á skilrúminu á milli helminga móttökunnar og hafði enga handfestu eða neinn stuðning. Efri endi skilrúmsins er ávalur og háll í bleytu. Féll skipverjinn niður í móttökuna og kom með búkinn niður á sláttuskilrúm sem skagar 50-70 cm upp frá botni fiskmóttökunnar.

Skipverjinn slasaðist og var aðstoðaður við að komast upp úr móttökunni og fram í íbúðir. Var skipinu siglt til hafnar í Keflavík þar sem slasaða var komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram

- að slasaði var í sinni fyrstu veiðiferð með þessu skipi en hafði verið fjölda ára á öðrum skipum. Gat hann þess að á öðru skipi sem hann hafði verið á hafi verið rist yfir fiskmóttökunni og slík rist hefði getað komið í veg fyrir það fall sem hann varð fyrir. Sex rifbein brotnuðu við fallið niður á sláttuskilrúmið;

Nefndarálit

Nefndin telur að koma megí í veg fyrir sambærileg atvik með því að hafa grind (rist) yfir opi fiskmóttökunnar þegar fiskmóttökulúka er opin (rist undir fiskmóttökulúkunni) .